



Bréfa- og málasafn 1966, efnahagasmál

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Forsætisráðherra – Bréf – Vísitölur kauptaxta á vinnustund 1965-1966 – Hagvöxtur 1920-1930 – Starfsmannafjöld ýmissa stærstu fyrirtækja í mannárum 1964 – Fjármunaeign atvinnuveganna 1957-1965 – Mannfjöldi eftir sýslum og kaupstöðum 1901-1965 – Tillögur til breytinga á lögum nr. 80 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur o.fl. – Frumvarp til laga um kjararáð – Orð Ólafs Jóhannessonar og þingsályktun, hagvöxtur frá 1930, yfirlit yfir hagvöxt – Þjóðarauðurinn í lok hvers árs, 1957-1964 – Einar Olgeirsson: Útvarpsumræða 3. maí

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

*Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-33, Örk 7*

Frumvarp til laga um Kjararáð.

1. gr.

Kjararáð skal skipað 15 mönnum, er félagsmálaráðherra skipar til priggja ára í senn eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

Hæstiréttur tilnefnir einn mann, og er hann formaður ráðsins.

Hagfræðingafélag Íslands tilnefnir two menn, er skulu vera hagfræðingar.

Alþýðusamband Íslands tilnefnir two menn.

Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir two menn.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Landssamband verzlunarmanna, Farmanna-og fiskimannasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. iðnrekenda, Stéttasamband bænda og Neytendasamtókin tilnefna hvert um sig einn mann.

Sömu aðilar tilnefna hver um sig með sama hætti alls 15 varamenn.

Tilnefni einhver aðila eigi mann í Kjaráð skipar félagsmálaráðherra mann í hans stað.

2. gr.

Hlutverk Kjararáðs er:

- a) að fylgjast með launakjörum í landinu og skipuleggja söfnun og úrvinnzlu hagskýrslna fyrir aðila vinnumarkaðarins.
- b) að láta í té álit þegar þess er óskað af ríkisstjórn eða einhverju sambandi verkalyðsfélaga eða vinnuveitenda, sem fulltrúa eiga í ráðinu, um það hvort hlutdeild launþega í þjóðarframleiðslunni á tilteknu tímabili hafi vaxið eða minnkað, hvernig horfi um aukna hlutdeild þeirra í arði hennar og hver sé afkoma einstakra framleiðslugreina og þjóðarbúsins í heild.
- c) að láta í té álit eftir ósk þeirra aðila, er í b-lið greinir, um að hve miklu leyti kaupmáttur launa og afkoma launþega í heild hafi batnað eða versnað frá því síðustu kjarasamningar voru gerðir.
- d) að láta í té álit eftir ósk þeirra aðila, er í b-lið greinir, um launahlutföll milli einstakra stéttar og hvort breytingar á þeim séu eðlilegar.
- e) að láta í té álit sitt á framkvænum kröfum kröfum um kjarabreytingar þegar þess er óskað af aðila að kjaradeilu eða sáttasemjara.

3. gr.

Álit Kjararáðs skal liggja fyrir innan tveggja mánaða frá því þess var óskað, ef um er að ræða álit á þeim atriðum, sem greind eru í a-d lið 2. gr., en innan eins mánaðar sé um að ræða atriði skv. e-lið.

Álit Kjararáðs skulu vera rökstudd og birtast opinberlega.

4. gr.

Sáttasemjara eða sáttanefnd er heimilt að fresta því að vinnustöðvun hefjist unz álit Kjararáðs skv. 2. gr. ð-lið kemur fram.

5. gr.

Hagstofa Íslands skal vera Kjararáði til aðstoðar við öflun gagna og útreikninga. Ráðið getur ennfremur krafíð embættismenn og ríkisstofnanir um nauðsynlegar upplýsingar. Kjararáð getur einnig krafíð hlutafélög, samvinnufélög, ^{og} ~~framleiðendasamtök og aðra atvinnurekendur umreksturs-~~ og ^{Miðjunar upplýsingar mátt fara um fyrirvara um} efnaahagsreikninga. Kjararáði er heimilt að kveðja sérfræsinga til starfa í sína þágu.

6. gr.

Kjararáð setur sér sjálft starfsreglur. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála í Kjararáði.

7. gr.

Kostnaður við störf Kjararáðs greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

N.B. Skatthájan.

1. gr. Starfandi skal vera ráð manna, sem í eiga sæti fulltrúar beggja aðila vinnumarkaðarins. Ráð þetta ber nafnið Kjararáð.
2. gr. Starfssvið Kjararáðs skal vera:
 - a. að skipuleggja söfnun hagskýrslna og vinna úr þeim fyrir aðila vinnumarkaðarins.
 - b. að gefa út álit, þegar þess er óskað af landssamböndum, sem fulltrúa eiga í Kjararáði, um hvort hlutdeild launþega í þjóðarframleiðslunni hafi vaxið eða minnkað á liðnu tímabili, hvernig herfi um aukna hlutdeild peirra í arði hennar, og hversé afkoma og útlitshorfur einstakra framleiðslugreina og þjóðarbúsins í heild.
 - c. að láta í ljósi álit sitt, ef sáttasemjari óskar þess, þá deila stendur yfir milli áðurnefndra aðila, hvort kaupmáttur launa og afkoma launþega í heild hafi batnað eða versnað frá því að síðasti heildarsamningur var gerður, og hvort aðrar stéttir hafi fengið kjarabætur, eða launahlutföll breytzt.
3. gr. Ef sáttasemjari fær fleiri en eitt álit frá Kjararáði og skoðanir þess eru mikið skiptar, skal honum heimilt að fresta boðuðu verkfalli allt að 8 vikum meðan hann rannsakar þau og undirþýr sáttatilboð.
4. gr. Kjararáði er heimilt að afla sér gagna og upplýsinga og getur m.a. krafist þess, að embættismenn og ríkisstofnanir veiti ráðinu þær upplýsingar, sem nauðsyn ber til. Einnig getur ráðið krafist reikninga, sem hlutafélög leggja fram á aðalfundi sínum. Kjararáð getur hvatt sérfræðinga til að vinna fyrir sig.
5. gr. Hagstofustjóri er formaður Kjararáðs. Í forföllum hans gegnir skrifstofustjóri Hagstofunn Íslands, eða fulltrúi Hagstofustjóra formennsku í Kjararáði. Forfætirráðherra (Félagsm.r.) skipar í ráðið eftirtalinn fjölda ráðsmanna eftir tilnefningu þessara aðila:

Frá Alþýðusambandi Íslands 2 menn, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja 1 mann, frá Farmanna- og Fiskimannasambandi Íslands 1 mann og frá Landssambandi Verzlunarmanna 1 mann.

Frá Vinnuveitendasambandi Íslands 2 menn, frá Fél. ísl.

Iðnrekenda 1 mann, frá Vinnumálanefnd S.Í.S. 1 mann og frá Landssambandi ísl. Útvegsmanna 1 mann. Þá skal ráðherra skipa í ráðið tvo hagfræðinga eftir tilnefningu Hagfræðingafélags Íslands.

6. gr. Laun Kjararáðs og annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

7. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Til bráðabirgða.

A.S.Í. 3 menn, en L.I.V. 1 mann af þeim til bráðabirgða meðan þeir hafa ekki hlutið inntöku í A.S.Í.

Tillögur Alþelli

Tillögur til breytinga á lögum nr. 80 frá 1938 um
stéttarfélög og vinnudeilur.

1. kafli

1. gr. hljóði svo:

Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalyfsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

Stéttarfélag er félagsskapur fólks, sem vinnur í þjónustu annarra, piggur kaup fyrir vinnu sína og hefir það að höfuðmarkmiði að koma fram sem samningsaðili við atvinnurekendur um kaup og kjör meðlima sinna. (Félagssvæði stéttarfélags má aldrei —) vera minna en eitt sveitarfélag. Stéttarfélögum er heimilt að mynda með sér stéttarfélagasambönd er fari með samningsrétt fyrir öll félög innan sambandsins.

2. gr. hljóði svo:

Stéttarfélög skulu opin öllum einstaklingum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu eftir nánara ákveðnum reglum í ~~seum lögum~~ ~~seum~~ félaganna.

Stéttarfélagasambönd skulu opin öllum stéttarfélögum í hlut-
aðeigandi starfsgrein eftir nánara ákveðnum reglum í ~~samþykktum~~ ~~lögum~~ stéttarfélagasambandanna. A sama hátt skal Alþýðusamband Íslands opið öllum stéttarfélögum og samböndum þeirra eftir nánara ákveðnum reglum í ~~samþykktum~~ ~~lögum~~ Alþýðusambandsins.

5. gr. hljóði svo:

Stéttarfélög og stéttarfélagasambönd eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið eða sambandið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

6. gr. hljóði svo:

Allir samningar milli stéttarfélaga eða sambanda þeirra og atvinnurekenda um kaup og kjör vercafólks skulu vera skriflegir

og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur. Ella telst samningstími eitt ár og uppsagnarfrestur þrír mánuðir. Óheimilt

Nýtt | er að semja um skemmri uppsagnarfrest á kjarasamningi en two mánuði. Sé samningi ekki sagt upp innan uppsagnarfrests telst hann framlengdur um eitt ár, nema annað sé ákveðið í samningnum sjálfum. Samningsuppsögn skal vera skrifleg.

Nýtt | Innan hálfs mánaðar frá samningsuppsögn skal sá aðili, er sagt hefir upp, afhenda gagnaðila allar kröfur sínar um breytingar á gildandi kjarasamningi með kröfu um að samningsviðræður séu teknar upp. Skulu samningsaðilar þá taka upp viðræður sín á milli og halda a.m.k. fjóra viðræðufundi næsta mánuð á eftir hafi samningar eigi tekizt fyrr.

Ef þrír mánuðir líða frá lokum uppsagnarfrests án þess nýr samningur sé gerður og án þess að vinnustöðvun hefjist og er þá uppsögnin fallin úr gildi.

(8. gr. Tillegsheimili)

9. gr. tveir fyrstu málslíðirnir hljóði svo:

Nýtt | Á hverri vinnustöð þar sem a.m.k. 5 menn vinna, hefir stjórn stéttarfélags þess eða stéttarfélagasambands, sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein, rétt til að tilnefna einn mann til trúnaðarmannsstarfa úr hópi þeirra, sem á staðnum vinna. Aður en trúnaðarmaður er tilnefndur skal að jafnaði leita álits peirra, sem á staðnum vinna í viðkomandi starfsgrein, um það hver skuli valinn.

Nýtt | 14. gr. aftan við "stéttarfélögum" komi "stéttarfélagasamböndum"

Nýtt | 15. gr. hljóði svo:

Nýtt | Pegar stéttarfélög, stéttarfélagasamband eða félag atvinnureknda ætlar að hefja vinnustöðvun, þá er hún því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu, sem staðið hefir a.m.k. í 24 klst., enda hafi félagsstjórnin auglýst nægilega, hvar og hvenær atkvæðagreiðsla um vinnustöðvunina skyldi fara fram.

Nýtt | Tillaga um vinnustöðvun telst samþykkt, ef meiri hluti

greiddra atkvæða er henni samþykkur, enda hafi a.m.k. 1/3 hluti atkvæðisbærra félagsmanna goldið henni jákvæði. *ath* Peir sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns teljast ekki atkvæðisbærir félagsmenn í þessu sambandi.

17. gr. aftan við greinina bætist 4. töluliður svohljóðandi:

Nýtt 4. Til styrktar félagi, sem hafið hefir lögmæta vinnustöðvun, nema samúðarvinnustöðvunin beinist gegn þeim atvinnurekendum einum, sem félagið á í vinnudeilu við.

Nýtt 18. gr. aftan við greinina bætist:

Svo og með aðstoð einstakra meðlima peirra heildarsamtaka, sem félögin eða samböndin eru aðilar að.

III. kafli.

H. Jónasson Verðlafti 27. gr. hljóði svo:

Hvor samningsaðili um sig getur eftir að uppsögn hefir átt sér stað og kröfur um breytingar á samningi hafa verið settar fram, sbr. 2. mgr. 6. gr., vísað deilunni til sáttasemjara. Skal sáttasemjari þá þegar taka deiluna til meðferðar. Hafi deilunni ekki verið vísað til sáttasemjara í síðasta lagi þegar hálfur mánuður er eftir til loka uppsagnarfrestsins skal sáttasemjari af sjálfsdáðun taka deiluna til meðferðar og leggja áherzlu á að reyna að sætta deiluaðila áður en uppsagnarfresturinn rennur út.

Aðiljum er skylt að mæta eða láta mæta þegar sáttasemjari kveður þá til funda.

32. gr. 3. mgr. hljóði svo:

Borgart Miðlunartillaga telst felld, ef meiri hluti greiddra atkvæða er á móti henni, enda hafi a.m.k. 1/3 hluti atkvæðisbærra félagsmanna greitt atkvæði móti tillöggunni. Að öðrum kosti telst miðlunartillaga samþykkt. Peir sem vegna veikinda eða fjarveru sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns teljast ekki atkvæðisbærir félagsmenn í þessu sambandi.

ath
áttar
35-4
óvalur
áður

33. gr. aftan við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sáttasemjari getur frestað því að vinnustöðvun hefjist um allt að 4 daga meðan miðlunartillaga er borin fram og atkvæði greidd um hana.

IV. kafli.

39. gr. 3. mgr. falli niður. *Niður til 6d i 44'.*

44. gr. hljóði svo:

Verkefni Félagsdóms er: 1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefir vegna ólögmætra vinnustöðvana. 2. Að dæma í málum út af lögmæti verfallsaðgerða, enda skal óheimilt að beita fógetalögbanni gegn slíkum aðgerðum. 3. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á kjarasamningi eða út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. 4. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda, sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti 3 af dómendunum því meðmæltir.

45. gr. hljóði svo:

Sambönd verkalyðsfélaga og atvinnurekendafélaga reka fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir dónum. Félög, sem ekki eru meðlimir sambandanna, reka sjálf mál sín og meðlima sinna. Ófélagsbundnir aðilar reka mál sín sjálfir.

Ef samband neitar að höfða mál fyrir félög innan sambandsins má félagið sjálft höfða málið.

57. gr. við bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Dómurinn getur ákveðið, ef nauðsyn krefur, að halda dómping utan Reykjavíkur.

65. gr. í stað "sektir" komi "févití".

V. kafli:

*At
hverjum.* falli niður.

- oo - oo -

Etlast er til að allar greinar laganna um stéttarfélög og vinnudeilur, sem eigi eru nefndar í framangreindum tillögum, standi óbreyttar. Athugandi er að í stað "atvinnumálaráðherra" í ýmsum greinum laganna komi "félagsmálaráðherra" og enn fremur að í stað "atvinnurekandi" komi "vinnuveitandi".

Orð Ólafs Jóhannessonar.

Hinn 14.nóvember 1960:

"..... vissulega er það svo,að smáþjóð verður að varast það að ganga svo langt,að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómstóls ,því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annars staðar frekar skjóls að vænta heldur en hjá alþjóðasmatökum og alþjóðastofnunum,af því hún hefur ekki valdið til að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin.Og þess vegna hefði,að mínu vitix ,hvert eitt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið,að við hefðum verið við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstóls."

Tillaga til þingsályktunar

um athugun á möguleikum til fiskveiða við vestursrönd Afríku.
"Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því,hvaða möguleikar eru á ,að íslenzk fiskiskip geti hafið fiskveiðar við vesturströnd Afríku.

Leiði sú athugun í ljós,að möguleikar á slíkum veiðum séu fyrir hendi ,beiti ríkisstjórnin sér fyrir því,að tilraunin verði gerð."

2)

Á fyrri hluta L8. aldar skrifaði t.d. þjóðrækinn Íslendingur um það, að bair og kaupstaðir á Íslandi mundu verða til þess, „að sumir verði örsnauðir, sumir flugríkir eins og í öðrum löndum, en ei nær svo jafnríkir sem nú.”

3)

Þessi þjóð, sem um aldamótin 1100 er talinn hafa nálgast 80 þúsundir manna, var eigi nema 50 þúsund manns á fyrri hluta 19. aldar, og einmitt ári áður en fyrsta hefti Fjölnis kom út í fyrra sinn, eða 1834, kom út í Kaupmannahöfn bók á dönsku eftir einn fremsta valdamann landsins og ágætan Íslending, amtmanninn í Vesturamtinu, sem fjallaði um fólksfjölda á Íslandi og fjárhagsástæður þess. Í riti þessu varpar hinn fjölfroði höfundur m. a. fram þeirri spurningu, hvort Ísland sé fært um að fæða af sjálfsdáðum þann fólksfjölda, sem þá var í landinu, og hvort menn eigi, ef svo sé, að óska, að hann fari vaxandi, þ.e. fram úr liðlega 54 þúsund manns..

Höfundurinn telur að vísu, að Ísland sé fært um að ala þennan fólksfjölda, en honum þykir ekki æskilegt, að fólksfjöldinn vaxi, og leiðir hann rök til þess af því, hvernig bjargræðisvegum sé háttáð á Íslandi og hvað þeir séu stopulir. Orðrétt segir hann: „Þegar á allt þetta er litið, ásamt á það, hve Ísland einkanlega er ákaflega langt frá Danmörku, svo að öll hjálp getur þess vegna orðið ómöguleg, þegar mest þarf á henni að halda, þá sýnist mér það mjög efasant, hvort Íslandi er gagnað með verulega meiri fólksfjölda en nú er þar, hversu æskilegt, sem manni við fyrstu sýn kann að virðast það.“ En um einstaka atvinnuvegi segir hann, að landbúnaður hljóti að ver undirstaða jafnar velmegunar og fólksfjölda í landinu, en sé þó ærið stopull.. Iðnaður ~~og~~ sjálfstæð verzlun sé ekki til á Íslandi og muni naumast nokkru sinni verða til. Um fiskveiðarnar segir hann, að þar sé ágóðinn svo óviss, að ekki sé á hann að ætla og aldrei auðgi þær nema einstaka menn, sem hafi vit og efni á að fylgja því þeim fram, þar ofan fari svo margir í sjóinn, sem hafi þessa atvinnu, aðrir langtum fleiri verði laetingjar og óreglumenn, og töluvert fiskifang geti ekki haldizt við, nema góð verzlun og bærileg jarðyrkja séu því til aðstoðar.

4)

Hagvöxtur frá 1930.

Samkvæmt grófri áætlun óháðs fræðimanns, Þóris Einarssonar, viðskiptafræðings, voru afstöður raunverulegrar þjóðarframleiðslu þessar:

1930	100
1939	106
1940	108
1945	132

Samkvæmt þessu hefur hagvöxtur (alls, ekki á mann) verið:

Frá 1930 til 1939	0.7% á ári
- 1939 - 1945	3.7% - -
- 1930 - 1945	1.9% - -

Þar sem svo mikil stökkbreyting gerðist á striðsárunum, er óeðlilegt að tala um samfelldan hagvöxt frá 1930 til 1945.

5)

EFNAHAGSSTOFNUNIN

4/4/1966

Yfirlit um hagvöxt

	Frá 1945 til 1960	Vöxtur á ári	
		Pjóðarframleiðslu	Pjóðartekna
-	1945 - 1965	3.5	3.3
-	1956 - 1959	4.0	4.3
-	1959 - 1965	3.5	4.3
-	1961 - 1965	5.1	6.4
		6.5	7.7
			→

Athuga ber, að vöxturinn "frá 1945 til 1965" er hærri en "frá 1945 til 1960" fyrir áhrif sérstaklega örs vaxtar síðustu árin.

Ath.: Vöxtur á mann er öll tímabilin tæplega 2% lægri.

~~Vesturbæjarstofa~~ 65.

6)

I árslok 1933 nam fiskiskipastóll landsins, b.e. togarar, línuveiðarar og vélbátar, samtals 25.144 brúttórúmlestum. I árslok 1939 hafði þessi tala hækkað í 26.432. Sú aukning nemur 214 brúttórúmlestum á ári. Þegar svo stóð, sýnist ekki hafa verið brýn ástæða til þess, að standa fast gegn þeim, sem vildu kaupa ný fiskiskip til landsins eða hafa refsivöndinn hátt á lofti gegn þeim, þótt þeir yrðu í við hraðvirkari um skipakaupin en hinum umhyggjusömu forsjármönnum þótti henta.

— — —

I árslok 1958 nam fiskiskipastóllinn, b.e. togarar og önnur fiskiskip með þilfari, samtals 57.798 brúttórúmlestum. Hann hafði sem sé aukizt um 31.366 brúttórúmlestir á 19 árum, eða um 1650 rúmlestir á ári.

7 árum

A næstu 6 árum b.e. 1959-1964 óx skipastóllinn aftur um 21.234 brúttórúmlestir, eða 3.539 rúmlestir á ári. Árleg aukning er meira en tvöfalt hærri en var á tímabilinu 1940 til 1958, og nær 16 sinnum meiri en 1934 til 1939.

30 33

14

Ef menn bera hinsvegar einungis vinstri stjórnar-árin 1956-1958 saman við árin 1959-1964, þá varð aukningin á vinstri stjórnartímanum, 3.188 brúttórúmlestir eða 1.063 á ári miðað við 3.539 árlega á seinni tímabilinu.

1
árin

3000

1959

172
49
123

fot a vist og at fari en
og hengi í umdilein heft, at við
vænda drafusagrunnlaunum vorum ekki
vænt, numra skilur in gam alls ol-
menningars í bæti orsöknum og
inngötum se fyrir hendi. Eg veit
ekki um meitt miðlefni, sem sín fer
stodi, at fóggis af um sínum Alpinum
og í bístjórn, takin ákvært umr sinn
ef þar stafast ekki vit glöggan skifti
inns alls almenningar í a meðregn
þínum að velta, sem lengju trúum
ens, að hentum.

ooo Einar Ólgeirsson.

Nýlega var samþ. að veita 80 millj. kr. úr ríkissjóði til hagræðingar o. fl. í sjávaútvegi og fiskiðnaði. Var það út af fyrir sig ekki athugavert ef hagrætt væri af viti og og fjár aflað af réttlæti. En síðan taka nokkrir milljónamæringar, skuldakóngar, þá ávkörðun, að fjárfesta 40 millj. kr. í einni umbúðamiðstöð, þó að fyrir væri í landinu verksmiðja, sem gat framleitt allar umbúðirnar fyrir freðfiskinn. Frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar var sú fjárfesting hrein eyðsla og hvað rekstur snertir hreint tap fyrir þjóðarbúið. Petta er svokölluð frjáls samkeppni. Og svo kom að því að borga þessar 80 millj. Og hverjir áttu að borga? Kannske brakskararnir, sem henda hundruðum milljóna króna í óþarfabraskhýsi við Suðurlandsbraut? Nei, það væri náttúrlega að niðast á ve zlunarfrelninu. Ríkisstj. ákvað að hætta niðurgreiðslum á fiski og smjörlíki. Það þætti henni mjög réttlátt. Það kemi harðast niður á alþýðubólki, einkum barnafjölskyldum, og það fannst ríkisstj. mjög réttlátt. Meiri hluti þessa alþýðufólks væri hvort sem er á móti henni, svo að það væri rétt matulegt á það, og hinn h[er]utinn mundi hvort sem er kjósa hana áfram, hvað sem hún gerði, kyssa á vöndinn, svo að petta væri alveg óhætt. Petta var sú hlið maísins, sem sneri að réttlætinu, réttlæti ríkisstj. Svo er hin hliðin, sem snýr að vitinu í þessari ráðstöfun. Við að fella niður niðurgreiðslurnar á fiski og smjörlíki hækkað kaupgjaldsvísitalan um 2%. Öll launafúlga þjóðfélagsins er um 12000 millj. kr. Hún er vísitölubundin. Allt kaupgjald hækkar því um 240 millj. kr., án þess að nokkur launþegi hafi gagn af því. Þvert á móti þeir fátækstu og barnmestu skaða, meðað við, að verðlaginu hafi verið haldið niðri. Hjá ríkinu sjálfu einu saman hækka bein starfsmannalaun þarfum um 25 millj. kr. vegna þessa eina og öll vinnulaun, sem ríkið greiðir alls, hækka um 50 millj. kr. Ríkisstj. ^{en se} borgar sem sé út úr ríkissjóðnum 50 millj. kr., af því að hún borgaði 80 millj. kr. í hagræðingu og atvinnulíf og heildar ~~ártskiptal~~ ^{lundi} verðu að borga 240 millj. kr. í vísitoluuppbætur, af því ~~á~~ hluti þess fékk 80 millj. kr. til hagræðingar. Petta heitir hagræðing í þjóðarbúskapnum. Og ef einhver ykkar dirfist að finna að þessu, er hann bara afturhaldsmaður, fjandsamlegur vestrænu frelsi, jafnvel Moskuu-kommúnisti. Og fram að bæjarstjórnarkosningunum er svo Morgunblaðið að reikna það inn í kollinn á kjósendum hve daðamlega íhaldið stjórni, svo að hún geti hækkað því hækjunina á soðningunni 22. maí. En þegar verkalyðshreyfingin eftir mánuð ~~hækk~~ knýr fram vægðarlausar reaunverulegar kauphækkanir og endurbætur á öllum sviðum, þá munu málöggn ríkisstj. öskra: ~~Þ~~ið ætlið að eyðileggja þjóðfélagið, atvinnulífið þolir þetta ekki. - En sannleikurinn er, að atvinnulíf ið þolir ekki svona bandvitlausa stjórnarstefnu. En nú vill máske einhver segja: Allt eru þó þetta mjög gáfaðir og ~~tíktökumáxgax~~ tiltölulega heiðar-

legir menn

sem þarna eiga hlut að mál, og ótal sérfræðinga hafa þeir sér við hlið. Hvernig stendur þá á þessu? Nú, vissulega frýjum við ekki þesum mönnum vits, allt mjög gáfaðir menn. En þeir eru bara lekaðir ^{nítar} hver í sinum kassa, einn í ríkis-sjóðnum, annar í Seðlabankanum o. s. frv. og enginn þeirra sér upp úr ~~þjóð~~. Og ef einhver segir við þá: Reynið að hafa einhverja yfirsýn yfir þjóðfélagspróunina, jafnvel heildar-stjórn á henni, - þá hróða þeir upp: Nei, nei, slikt er sósi-alismi, Guð og Kaninn forði okkur frá slíku. Að ~~alda~~ að stjórnna flóknu nútímaþjóðfélagi með aðferðum þessarar yfir-stéttar og ríkisstjórnar hennar er álika og ætla að stýra finum farþegabíl ^{Tökak} niður Kamba með því að ýta bílnum af stað, eftir að hafa/bílstjórandi niðri í skottinu. Náttúrlega verður slíkri bifreið ekki mikið meint af, þó að hún fari út af á fyrstu beygju, begar 100 tíu tonna vörubílar eru áður búnir að fylla gjótuna ^{II}, sem hún lendir í, með síldarhlössum. Hún sekkur þá bara mjúkt og hægt og farþegar ^{gatn} ~~fengju~~ ^{jafnvel} skála þar inni í kampavíni fyrir samkeppni ^{og} útlendum einokunar-hringum, og það er það, sem er að gerast. En sleppum öllu [?]

hafi? Það er víst tilgangur í öllum þessum ráðstöfunum, hvort sem hæstv. ráðherrum er saá tilgangur ljós eða ekki. Saá tilgangur er að auka verðbólguna. Allar verðhækkanir þessarar ríkisstj. eru undirbúningur að gengislækkun eftir næstu þingkosningar, ef stefna hennar heldur velli. Bak við allar hringrás vitleysunnar á yfirborðinu býr ísköld fjármálahyggja ~~virk~~ verðbólguþrás karanna ³. Athugið, hverjir eiga fésýsluhall-irnar við Suðurlandsbraut og annars staðar og reiknið þið síðan út, kjósendur góðir, hvað þeir græða, þegar þær hafa allar prefaldatz í verði og skuldirnar í bönkunum rýrna að sama skapi að verðgildi. Verðbólgan er og hefur lengi verið höfuðgróðalind braskstéttarinnar og stjórnarstefnan þjónar þessari braskarastétt. I krafti verðbólgunnar rænir sérrett-indabraskarar íhaldsins ríkisbankana með annarri hendinni og launþeganna með hinni. En hafi ~~hins~~ þessi verðbólga hins veg létt undir með mörgum alþýðumanninum við að eignast þak yfir höfuðið, skal það nú stöðvað með vísitöluákvæðum á húsnæðis-lánum úr lífeyrissjóðum. Yfirstéttin ætlar sér að sitja alein að gróðanum á verðbólgunni framvegis. Þess vegna lemur nú íhaldsklíkan það lagafrv. gegnum Alþ., sem gera á venjulegum launþega ókleift að ~~eignast~~ íbúð.

6. september, 1966.

Vísitölur kauptaxta á vinnustund 1965 - 1966.1965 = 100

	1965	Bráðabirgðayfirlit; Laun með verðlagsuppbót.				Hækkun 1.3.1966- 1.9.1966 %
		1966	1. jan.	1. marz	1. júní	
I. Brúttöldagánum						
II. Áætluverðlagssumma						
1. Verkamenn 1)	100.0	112.8	114.7	119.3	126.6	10.4
2. Iðnverkamenn 2)	100.0	108.4	110.2	117.2	123.4	12.0
3. Verkamenn alls (1 og 2)	100.0	112.0	113.9	118.9	126.1	10.7
4. Iðnaðarmenn	100.0	114.0	115.9	120.5	122.4	5.6
5. Verkamenn og iðnaðarmenn (3 og 4)	100.0	112.9	114.8	119.5	124.7	8.6
6. Verkakonur 3)	100.0	115.5	117.5	122.1	128.7	9.5
7. Iðnverkakonur 2)	100.0	112.7	114.6	121.8	128.3	12.0
8. Verkakonur alls (6 og 7)	100.0	114.8	116.8	122.0	128.6	10.1
9. Heildarmeðaltal verkafólks og iðnaðarmanna	100.0	113.2	115.1	120.0	125.4	8.9
Kaupgreiðsluvíslitala; 1964 = 100	103.51	107.32	109.15	113.42	115.25	5.6
- " - ; 1965 = 100	100.0	103.68	105.45	109.58	111.34	5.6

1) Miðað við Dagsbrúnarsamninga

2) Miðað við Iðjusamninga

3) Miðað við Framsóknarsamninga

Afkoma hraðfrystihúsa:

	1964	1965	1966 Aætl. 31/12-66 að óbr.fiskv.	1966 Aætl. 31/12-66 með 17% hækk. fiskverðs	1966 Með 17% hækk.fiskv. og launahækk. til 1/9 1966	1967 17% fiskv. og launahækken til 1/9-66
I. Brúttóhagnaður m.kr.	89.9	131.3	95.2	43	31	- 9
II. Aætl. endurn.kostn. m.kr.	76.0	84.0	90.0	90	90	90
I i % af II	119%	156%	105%	48%	34%	

Til þess að brúttóhagnaðurinn yrði 95 m.kr. yrði:

- A. Útflutningsverð freðfisks að hækka um 7.4%
- B. Laun að lækka um 18%
- C. Hræfnisverð (bolfiskur) að lækka um 12%.

P.E., 1/9-66

Hluti jöfnunarsjóðs af söluskatti og aðflutningsgjöldum:

	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967
Tilfallið:								
Af almennum söluskatti m.kr.	20.2	39.9	47.0		73.8	80.3	96.1	102.5
Af söluskatti af innfl.m.kr.	25.0	36.5	49.4	104.0	-	-	-	-
Af aðflutningsgjöldum m.kr.	-	-	-		74.8	84.9	97.9	96.3
<u>Samtals</u> m.kr.	<u>45.2</u>	<u>76.4</u>	<u>96.4</u>	<u>104.0</u>	<u>148.6</u>	<u>165.2</u>	<u>194.0</u>	<u>198.8</u>
<u>Greitt</u> m.kr.	<u>56.0</u>	<u>71.0</u>	<u>90.9</u>	<u>96.4</u>	<u>156.2</u>	<u>165.2</u>	<u>194.0</u>	<u>198.8</u>
Ofgreitt m.kr.	10.8				7.6			
Vangreitt m.kr.		5.4	5.5	7.6				
Tekjur ríkissjóðs alls (að meðt.framl.til jöfn- unarsjóðs) m.kr.	1.543.7	1.593.6	2.142.4	2.613.8	3.102.6	3.833.8	4.685.8	4.862.2
Greitt í % af heildar- tekjum	3.6%	4.5%	4.2%	3.7%	5.0%	4.3%	4.1%	4.1%

Álagður eignarskattur 1962-1966:

	Einstaklingar m. kr.	Félög m. kr.
1962	5.7	3.9
1963	6.6	6.0
1964	9.4	8.5
1965	25.7	13.9
1966 (að nokkru áætlað)	65.7	23.4
Hækjun 1964-1965	16.3	5.4
- 1965-1966	40.0	9.5

Hluti hækkunarinnar frá 1964 á sér vafalaust •öllilegar orsakir. Hversu mikill hluti hækkunarinnar á rætur sínar að rekja til margföldunar fasteignamats, og hve mikill hluti til annarra orsaka er hins vegar erfitt að meta.

	<u>Einstaklingar</u>	<u>Félög</u>
1965 Eignaskattur 1964	<u>9.4 m.kr.</u>	<u>8.5 m.kr.</u>
+ 20%	=11.3 m.kr.	10.2 m.kr.
+ vegna 3földunar fasteignamats	<u>14.4 - -</u>	<u>3.7 - -</u>
Alls	25.7 m.kr.	13.9 m.kr.
1966 Upprunal.eignask.		
+ 20%	13.6 m.kr.	12.2 m.kr.
vegna 6földunar fasteignamats	<u>52.1 - -</u>	<u>11.2 - -</u>
Alls	65.7 m.kr.	23.4 m.kr.
Pá vegna 6földunar í stað 3földunar	<u>37.7 m.kr.</u>	<u>7.5 m.kr.</u>
eða samtals	45.2 m.kr.	

5. apríl, 1966.
5. apríl, 1966.

Hagvöxtur 1920 - 1930.

Aætlun Þóris Einarssonar um hagvöxt fyrir 1930 er svo ágizkunarkennd, að hún er tæplega nothæf. En samkvæmt henni voru afstöður þjóðarframleiðslu:

I.	Þóðarframleiðslu	1920	100
Póstur og almi		1930	107,5

Vöxtur þjóðarframleiðslu á ári væri skv. þessu um 0.7% á ári. Petta getur ekki staðist, þar sem fólksfjölgun var 1.4% á ári, en þessi áratugur var að flestu leyti grózkumikið vaxtarskeið. T.d. fjölgaði togurum úr 28 í 41 og mótorbáttum úr 355 í 787. Þorskaflinn 1926-'30 var 243 þús. tonn/miðað við 99 þús. tonn árin 1916-'20.

þjóðarframleiðslu	Í landi	600
þjóðarframleiðslu	þærðin	710
þjóðarframleiðslu	Í landi	840
þjóðarframleiðslu	þærðin	940
þjóðarframleiðslu	Í landi	990
þjóðarframleiðslu (með miðaði)		300

Skipaútgerð ríkisins

	í landi	160	
	áhafnir	<u>140</u>	300
Vélsmiðjan Héðinn			240
Ísbjörninn:	í landi	180	
	áhafnir	<u>60</u>	240
Haraldur Böðvarsson:	í landi	180	
	áhafnir	<u>60</u>	240
Júpiter og Marz:	í landi	140	
	áhafnir	<u>80</u>	220
Hraðfrystistöðin, Vestmannaeyjum			
	í landi		200
Bæjarútgerð Hafnarfjarðar			
	í landi	100	
	áhafnir	<u>30</u>	130
Áburðarverksmiðjan			140
Sementsverksmiðjan			130

Aths.: Tölurnar eru háðar eftirfarandi fyrirvorum:

- 1) Þær eru teknar úr skattskýrsluefni, þannig að vafasamt er, hvort birting þeirra fyrir hvert fyrirtæki um sig er heimil. Þó er talið, að fyrirtækin hafi yfirleitt ekkert á móti birtingu þeirra sérstaklega.
- 2) Vinnuviknafjöldi er reiknaður með ýmsum hætti, eftir tímafjölda, launaupphæð eða beinni uppgjöf vinnuvikna. Tölurnar eru því mjög grófur mælikvarði.
- 3) Talsverðar breytingar hafa orðið frá 1964, sum fyrirtæki vaxið mjög (t.d. Loftleiðir) önnur vélvæðst og fækkað mannafla (t.d. B.U.R.)
- 4) Ekki hefur unnið tími til að fletta skýrslum fyrir allt landið og sameina deildir á ýmsum stöðum. Því geta sum fyrirtæki verið stærri en hér er talið og önnur bætst við inn í milli.

Pjöðarauðurinn 1957-1964 í lok hvers árs, millj. kr.
verðlag ársins 1960.

	<u>1957</u>	<u>1958</u>	<u>1959</u>	<u>1960</u>	<u>1961</u>	<u>1962</u>	<u>1963</u>	<u>1964</u>
Ibúðarhús	8 571	8 948	9 396	9 669	10 074	10 321	10 701	11 138
Landbúnaðarvélar	174	187	198	196	202	216	272	307
Útihús	911	981	1 046	1 089	1 124	1 181	1 225	1 279
Rektun og gírðingar	1 725	1 809	1 898	1 974	2 059	2 144	2 237	2 369
Bústofn	675	678	691	722	732	704	681	709
Fiskiðnaðarbyggingar	612	619	628	634	651	686	746	892
Aðrar iðnaðarbyggingar	726	787	814	847	865	898	964	1 043
Fiskiðnaðarvélar	587	638	641	648	632	687	722	733
Aðrar iðnaðarvélar	414	426	434	455	474	525	625	685
Fiskiskip	1 423	1 511	1 648	2 054	2 072	2 133	2 328	2 504
Byggingar hins opinbera	1 374	1 454	1 538	1 647	1 783	1 923	2 057	2 254
Raforkuver og veitur	1 256	1 414	1 531	1 593	1 611	1 638	1 698	1 735
Samgöngumannvirki	4 198	4 349	4 522	4 706	4 890	5 107	5 400	5 737
Póstur, sími og útvarp ¹⁾	633	617	620	643	662	706	718	747
Vatns- og hitaveitur,								
Jarðhitaboranir	265	301	341	382	402	440	506	572
Verzlunarbyggingar	1 019	1 041	1 072	1 142	1 224	1 303	1 422	1 526
Skip, önnur en fiskiskip	737	775	813	904	906	941	983	995
Skrifstofuvélar	127	128	141	143	151	155	166	175
Atvinnubifreiðar	599	578	623	624	650	670	768	796
Vélar til bygginga og mannvirkjagerða	204	197	222	217	211	212	287	320
Flugvélar	186	150	141	135	175	165	141	481
ALLS	26 414	27 588	28 958	30 424	31 550	32 755	34 647	36 997
Fólksbifreiðar	639	666	719	708	739	861	1 146	1 331
ALLS	27 055	28 254	29 677	31 132	32 289	33 616	35 793	38 328

1) Nema byggingar.

Aðm. Árinu 1965 var bætt sít i heild fjármála-
myndunum og afkrifta. Sundurálfurinn reiknumi
er ekki lokið.



23. september, 1966.

Til: Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra.

Frá: Bjarni B. Jónssyni.

Efni: Fjármunaeign atvinnuveganna 1957-1965.

Samkvæmt beiðni Jónasar höfum við tekið saman upplýsingar um þjóðarauð í atvinnuvegunum. Nokkurt álitamál er, yfir hve stórt svið þær tölur eigi að spanna, og höfum við því látið tvær greinar opinberra eigna, sem almennt eru reknar í formi fyrirtækja, fylgja með sérstaklega. Aðrar greinar þjóðarauðs, sem ekki fylgja með eru þá byggingar og samgöngufjármunir hins opinbera, íbúðarhús og einkabifreiðar.

Tölur þessar eru enn taldar fremur óábyggilegar, þar sem ekki hefur unnið tími til kritiskrar yfirferðar yfir allt verkið, og hafa verið gerðar ýmsar lagfæringar eftir því sem tilefni hafa gefist til. En tölurnar ættu að vera nothæfar sem grófur mælikvarði á innbyrðis afstöður og vöxt þjóðarauðs.

Samkvæmt töflunni vex fjármunaeign hinna eiginlegu atvinnuvega milli ársloka 1958 og 1965 um 48.7%, þjónustugreinanna um 41.2%, og þessara greina samtals um 47.6%.

Metið á verðlagi ársins 1965 nam fjármunaeignin í lok þess árs:

Atvinnuvegirnir	24.013 millj.kr.
Þjónustugreinar	<u>4.315</u> - -
SAMTALS	28.328 millj.kr.

Athygli skal vakin á því, að birgðir eru ekki
meðtaldar, heldur fastafjármunir, vélar og tæki, þ.e.
sama svið og árlegar fjármunamyndunarskýrslur. Ennfremur,
að hér er um afskrifað verðmæti að ræða.

Þjóðarauður: Atvinnuvegirnir og þjónustugreinar 1957-1965.

Millj. kr. verðlag ársins 1960.

<u>I árslok:</u>	<u>1957</u>	<u>1958</u>	<u>1959</u>	<u>1960</u>	<u>1961</u>	<u>1962</u>	<u>1963</u>	<u>1964</u>	<u>1965</u>
I. Atvinnuvegirnir:	10 074	10 474	10 978	11 726	12 039	12 476	13 340	14 545	15 574
1. Landbúnaður	3 485	3 655	3 833	3 981	4 117	4 245	4 415	4 664	5 066
2. Fiskveiðar	1 384	1 450	1 565	1 948	1 938	1 973	2 142	2 382	2 377
3. Iðnaður	2 333	2 500	2 568	2 632	2 667	2 812	3 016	3 206	3 373
a) Vinnsla sjávarafurða	1 097	1 173	1 199	1 222	1 227	1 319	1 398	1 451	1 521
b) Annar iðnaður	1 236	1 327	1 369	1 410	1 440	1 493	1 618	1 755	1 852
4. Flutningatæki ¹⁾	1 522	1 503	1 577	1 663	1 731	1 776	1 892	2 272	2 523
5. Verzlunar-, skrifstofu- og gistihús o.fl.	1 019	1 041	1 072	1 142	1 224	1 303	1 422	1 526	1 678
6. Ýmsar vélar og tæki ²⁾	331	325	363	360	362	367	453	495	557
II. Þjónustugreinar:	1 521	1 715	1 872	1 975	2 013	2 078	2 204	2 307	2 421
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 256	1 914	1 531	1 593	1 611	1 638	1 698	1 735	1 778
2. Vatns- og hitaveitur	265	301	341	382	402	440	506	572	643
Alls I og II:	11 595	12 189	12 850	13 701	14 052	14 554	15 544	16 852	17 995

¹⁾ Skip, önnur en fiskiskip, flugvélar og atvinnubíffreiðar.²⁾ Vélar til bygginga og mannvirkjagerða, jarðborar og skrifstofuvélar.

Mainfjöldi eftir sýnum og Eanystónum 1901 - 1965.

	1901	1910	1920	1930	1940	1950	1960	Braðat 1965
Sudurhúland: Reykjavík	6682	11600	17679	28304	38196	56251	72407	77943
Hafnafjörður		1547	2366	3591	3686	5082	7160	8110
Keflavík	5343					2395	4700	5117
Kógeavogur		4448	4278	5293	5578	6915	6213	9180
Sauðbraðkjósas.							7937	9949
Akranes	2520	2561	2479	2675	3261	2583	3822	4156
Borgarfs.						1349	1429	1477
Nýrur.	1696	1753	1880	1764	1814	1781	1883	2021
Grapellmærsjóla	3494	3933	3889	3536	3452	3133	3699	4131
Lalarjóla	2060	2021	1854	1602	1409	1129	1140	1196
Sudurhúland alls:	21795	27863	34425	416765	57396	80623	110390	123280
Verfiðri: Böndartvarlagsjóla	3394	3381	3319	3119	2992	2610	2508	2542
Örfjörðarsjóla	6055	6394	6327	5586	5041	3840	3698	3722
Wafjörður	1220	1854	1980	2533	2833	2808	2725	2683
Streitðasjóla	1812	1757	1776	1833	2082	1908	1576	1486
Veitfjörðir eldr.	12481	13386	13397	13071	12953	11166	10507	10433
Nordurland: Hlinavatnssjóla	3900	4022	4273	3878	3671	3499	3690	3764
Saudárhákar	4436	44336	4357	4012	3941	1023	1205	1385
Reyðarfjörðarsjóla						2727	2666	2633
Seglufjörður			1159	2022	2884	3015	2680	2476
Ólafsfjörður	5377	5379	5001	5176	5360	947	905	1045
Eyjafjörðarsjóla						4469	3815	3886
Þruneyri	1370	2084	2575	4198	5564	7188	8835	9628
Jingujorssjóla	5166	5150	5535	5674	5486	4485	4700	4726
Húsavík						1279	1514	1817
Nordurland alls	20249	20971	22900	24960	27406	28632	30070	31360
Bústurland: N. Mílarjóla	3585	3014	2963	2766	2670	2386	2456	2453
Seyðarfjörður	841	928	871	936	904	744	745	845
Þerkaugsháður	5046	4643	5222	1118	1106	1301	1436	1513
S. Mílarjóla				4514	4297	4135	4353	4763
1-Kapabættvöru	1162	1128	1158	1127	1146	1139	1372	1424
Bústurland alls	10634	9713	10214	10461	10123	9205	10367	10998

End

	1909	1910	1920	1930	1940	1950	1960	1965
Sudurland: V-Skaptafellarsýsla	1944	1835	1818	1723	1579	1424	1373	1376
Vestmannaeyjar	607	1319	2426	3393	3587	3726	4643	5023
Rangárvallansýsla	4366	4024	3801	3505	3292	2963	3052	3042
Bosnirýslan	6394	6072	5709	4983	5138	5734	6950	7598
Sudurland alls.	13311	13250	13754	13604	13596	13847	16018	17039
<i>Ostadeittir</i>								105
Allt landið	78470	85183	94690	108861	121474	143973	177292	197213